

## D Ó M U R

**Héraðsdóms Reykjaness þriðjudaginn 3. mars 2009 í máli nr. E-2660/2008:**

**NBI hf.**

*(Borgar Þór Einarsson hdl.)*

**gegn**

**Gunnari Þórarinssyni**

*(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)*

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð 10. febrúar sl., var upphaflega höfðað af Landsbanka Íslands hf., nú NBI hf., Austurstræti 11, Reykjavík, á hendur Gunnari Þórarinssyni, Tunguvegi 5, Reykjanessbæ, með stefnu birtri 15. ágúst 2008. Málið var þingfest 24. september 2008.

Við fyrirtöku málsins 29. október sl. tók NBI hf. við aðildinni sóknarmegin með vísan til framlagðrar ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins 9. október sl. þar sem mælt er fyrir um að Núi Landsbanki Íslands hf. taki við öllum tryggingaréttindum Landsbanka Íslands hf., þ.m.t. öllum veðréttindum, ábyrgðum og öðrum sambærilegum réttindum sem tengjast kröfum bankans. Nafni Nýja Landsbanka Íslands hf. hafði verið breytt í NBI hf. þann 23. október sl. Sú ráðstöfun að breyta aðild málsins sóknarmegin sætti ekki andmælum af hálfu stefnda.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð GBP 56.147 ásamt samningsvöxtum samkvæmt vaxtaákvæðum lánessamnings, sem eru breytilegir vextir jafnháir LIBOR-vöxtum í samræmi við lengd vaxtatímabils hverju sinni, auk 2,25% vaxtaálags, af GBP 56.147 frá 10. febrúar 2009 til greiðsludags. Þá er krafist vaxtavaxta samkvæmt 12. gr. sömu laga er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Loks krefst stefnandi málskostnaðar að mati dómsins að viðbættum virðisaukaskatti.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda. Til vara er þess krafist að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins ef krafa stefnda um sýknu er tekin til greina en annars krefst stefndi þess að málskostnaður verði felldur niður.

Málið var þingfest 24. september 2008 og tekið til úrskurðar um frávísunarkröfu stefnda 18. nóvember sama ár. Krafðist stefnandi þess að frávísunarkröfunni yrði hafnað. Með úrskurði uppkveðnum 25. sama mánaðar var frávísunarkröfunni hafnað. Í dómi þessum eru því eingöngu til úrlausnar endanlegar dómkröfur

stefnanda samkvæmt ofanrituðu og varakrafa og þrautavarakrafa stefnda sem og málskostnaðarkrafa hans.

## II.

Þann 27. júlí 2007 var undirritaður lánssamningur milli Landsbanka Íslands hf. og Eignarhaldfélagsins City Star Airlines ehf., ECSA ehf., sem þá hét Hydra ehf. en verður hér eftir nefnt ECSA ehf. Með lánssamningnum veitti Landsbanki Íslands hf. ECSA ehf. lán að jafnvirði 80.000.000 krónum í sterlingspundum. Lánið var til 5 ára og skyldi greiðast með 20 jöfnum afborgunum á 3 mánaða fresti, í fyrsta sinn 10. september 2005. Lánið bar breytilega vexti jafnháa LIBOR-vöxtum í samræmi við lengd vaxtatímabils hverju sinni auk 2,25% vaxtaálags.

Gerðir voru tveir viðaukar við lánssamninginn, þann fyrri 1. nóvember 2006 og þann síðari 27. nóvember 2007. Tilgangur með viðaukunum báðum var að bæta gjaldföllum afborgunum við höfuðstól lánsins. Lánið var allt gjaldfellt 8. maí 2008 og þann 28. maí var bú ECSA ehf. tekið til gjaldþrotaskipta með dómsúrskurði.

Lánið var tryggt með sjálfsskuldarábyrgðum nokkurra aðila pro rata og þar á meðal stefnda. Miðaðist ábyrgð stefnda við GBP 56.147.

## III.

Stefnandi byggir kröfu sína um að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnukröfuna á því að fyrir liggja lánssamningur eins og lýst er hér að framan þar sem stefndi hafi verið sjálfskuldarábyrgðarmaður ásamt nokkrum öðrum aðilum. Ábyrgð stefnda hafi verið pro rata og miðast við dómkröfufjárhæðina GBP 56.147. Stefndi sé því krafinn um greiðslu á sínum hlut ábyrgðarinnar enda hafi hvorki lánið fengist greitt að fullu, né hafi stefndi greitt samkvæmt ábyrgð sinni.

Um lagarök vísar stefnandi til meginreglu kröfu- og samningaréttarins um greiðsluskyldu fjárskuldbindinga. Kröfu um málskostnað styður stefnandi við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð einkamála og kröfu um virðisaukaskatt við lög nr. 50/1988. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur og beri honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skattinum úr hendi stefnda.

## IV.

Stefndi byggir kröfu sína um sýknu á því í fyrsta lagi að skuld samkvæmt framangreindum lánssamningni sé ekki skuld samkvæmt viðskiptabréfi þannig að sérreglur laga þar um eigi ekki við í málinu varðandi málsvörn stefnda. Þá bendir stefndi á að sönnunarbyrði varðandi ábyrgð stefnda hvíli alfarið á stefnanda enda hafi hann samið lánskjalið og beri hallann af ónákvæmni við túlkun þess.

Í þriðja lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á því að það hafi verið grundvallarforsenda samþykkis hans, þegar hann áritaði lánsamninginn, að athugun sérfræðinga stefnanda hefði leitt í ljós að áhætta af þargreindri ábyrgðartöku væri óveruleg og þá ekki síður hinu, að samkvæmt ákvæðum samningsins hefðu sérfræðingar stefnanda virkt eftirlit með rekstri og afkomu félagsins á hverjum tíma, sbr. t.d. 9. gr. samningsins. Þá hafi það einnig verið forsenda stefnda, að báðir samningsaðilar virtu og færu í öllu eftir ákvæðum 9. gr. samningsins, ekki síst g-, h- og i- liðum, en þau ákvæði feli í sér aðgerðir samningsaðila í því skyni að minnka og draga úr áhættu ábyrgðaraðila.

Trygging ábyrgðaraðila hafi verið veitt á þeim tíma og við þær aðstæður félagsins þegar það hefði ekki haft í önnur hús að venda til öflunar tryggingar fjárskuldbindinga sinna þótt stefnandi hafi skýrt stefnda frá því að félagið væri vel gjaldfært á þeim tíma. Stefndi hafi gengið út frá því að við nýjar lántökur félagsins myndi hann að minnsta kosti njóta sömu tryggingaverndar og aðrir samkvæmt ákvæðum 9. gr. samningsins.

Við samþykki stefnda á viðaukunum tveimur, hafi hann ekki verið upplýstur um neitt annað en það, sem í þeim stóð, og einungis gerð grein fyrir því að öll málefni félagsins væru í góðu og vaxandi gengi. Það hafi ekki verið fyrir en á fyrri hluta ársins 2008 sem hann hafi komist að því að stefnandi og ECSA ehf. hafi þverbrotið framangreind ákvæði samningsins strax í janúar 2006 þegar stefnandi veitti ECSA ehf. tvö lán samtals að fjárhæð USD 7,8, tryggðum í flugvélum félagsins með 1. veðrétti, án þess að hlutast til um samsvarandi tryggingu lánsins samkvæmt þeim lánsamningi, sem liggur til grundvallar kröfu stefnanda í málinu, þótt í samningnum sé skýrt kveðið á um að það skuli gert við nýjar lántökur. Þá hafi stefnandi veitt félaginu ýmsa aðra fyrirgreiðslu, sem nú muni að fullu gerð upp við stefnanda án þess að hann hafi séð til þess að lán samkvæmt lánskjalinu í þessu máli fengi notið hliðstæðra kjara eða uppgreiðslna.

Þegar stefnda hafi orðið kunnugt um, að allar þessar grundvallarforsendur hans fyrir veitingu ábyrgðar hans samkvæmt lánsamningnum voru löngu brostnar, hafi hann talið ljóst að ábyrgð hans samkvæmt samningnum væri niður fallin vegna brostinna forsendna og vanefnda stefnanda og félagsins á samningnum. Þá hafi einnig legið fyrir að báðir samningsaðilar hefðu í viðskiptum sínum í eiginhagsmunaskyni algjörlega litið framhjá hagsmunum og áhættu stefnda og annarra ábyrgðaraðila.

Verði ekki fallist á að ábyrgð stefnda hafi verið niður fallin á grundvelli framangreinds forsendubrests og vanefnda, byggji stefndi á því að það beri að víkja ákvæði lánsamningsins um ábyrgð hans á efdum til hliðar sem ósanngjörnum á grundvelli ákvæða 36. gr. samningalaga nr. 7/1936. Vísar stefndi um þetta til meginreglna samninga- og kröfuréttarins um rangar og brostnar forsendur auk ákvæða áðurnefndrar 36. gr. samningalaga, sbr. lög nr. 11/1986 um það efni. Þessi málsástæða leiði til þess að víkja beri ákvæðum samningsins til hliðar varðandi ábyrgð stefnda og leiði ein og sér til sýknu.

Verði ekki á framangreint fallist, byggji stefndi á því, að þar sem kröfu stefnanda í þrotabú ECSA ehf. hafi verið hafnað og þar sem hún sé þannig úr garði gerð að óvíst sé hvort úr verði bætt undir meðferð þrotabúsins, kunni það að valda því að

stefndi verði fyrir fjárhagslegu tjóni. Við þær aðstæður verði að telja að ábyrgð stefnda hafi fallið niður vegna þeirra mistaka stefnanda, ef til kæmi, hvort sem eitthvað kynni að hafa komið upp í kröfu stefnanda eða ekki, ef rétt hefði verið að kröfulýsingu staðið, sbr. 118. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti.

Loks er á því byggt af hálfu stefnda, að stefnandi hafi valdið stefnda fjárhagslegu tjóni með saknæmum hætti. Tjónið nemi nákvæmlega þeirri fjárhæð sem hann kynni að verða dæmdur til að greiða stefnanda ef fallist yrði á ábyrgðarkröfu stefnanda í máli þessu, höfuðstóll, vextir og kostnaður. Saknæm háttsemi stefnanda felist í því að framkvæma ekki sammingsbundnar ráðstafanir gagnvart skuld samkvæmt lánsamningnum og að gæta ekki umsaminnar tryggingaverndar skuldarinnar svo sem samið sé um í 9. gr. sammingsins. Hefði stefnandi virt og framkvæmt í samræmi við ákvæðið, væri dómskuldbætur þessa máls löngu greidd upp á sama hátt og aðrar skuldir félagsins við stefnanda, síðar til komnar, og allar sérstaklega tryggðar með öðrum hætti en þessi skuld. Stefndi hafi mátt vera ljós sú aukna áhætta sem varpað var á herðar ábyrgðaraðila sammingsins með því að sjá ekki til þess að þeir nytu a.m.k. sömu tryggingaverndar og stefnandi sjálfur við hinar auknu lántökur félagsins eftir útgáfu lánsamningsins. Sú aukna áhætta hafi nú orðið virk og fallið á ábyrgðaraðilana við gjaldþrot félagsins. Því til viðbótar sé kröfulýsing stefnanda í þrotabú félagsins með þeim hætti að henni hafi verið hafnað af skiptastjóra og óljóst sé hvort fjárhagslegt tjón fyrir stefnda kunni að verða af þeim orsökum eða öðrum ágöllum á kröfulýsingunni. Krafa þessi sé byggð á 1. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Þrátt fyrir þetta er stefndi á kröfu stefnanda, byggir stefndi á því að stefnandi hafi lækkað kröfu sína gagnvart aðalskuldara og breytt henni í íslenskar krónur í kröfulýsingu í þrotabú ECSA ehf. Það sé grunnregla í ábyrgðarrétti að ábyrgðarmaður njóti lækkana og breytinga á kröfu á hendur aðalskuldara. Þessi breyting á aðalkröfu, bæði fjárhæð og gengi, komi skýrt fram á kröfulýsingu án nokkurs fyrirvara. Ábyrgðaryfirlýsing stefnda sé pro rata en hundradshluti ábyrgðar hans nemi 7,6561%. Eftirstöðvar kröfu samkvæmt kröfulýsingu í þrotabú ECSA ehf. nemi 21.315.734 krónum og 7,6561% af þeirri fjárhæð nemi 1.631.954 krónum. Sú fjárhæð ætti því að vera hámark ábyrgðar stefnda á kröfu stefnanda og ætti því að lækka kröfu stefnanda með þeim hætti.

V.

Óumdeilt er að stefndi undirritaði lánsamning þann, sem liggur frammi í málinu og málsókn þessi byggir á, sem sjálfskuldarábyrgðarmaður. Þá er ágreiningslaust að lán samkvæmt samningnum var veitt lántaka og hefur verið sýnt fram á það með gögnum að lánið er í vanskilum. Jafnframt er óumdeilt að með undirritun sinni á lánsamningnum tókst stefndi á hendur sjálfsskuldarábyrgð pro rata að fjárhæð GBP 56.147 á fullum efndum allra skuldbindinga samkvæmt samningnum. Þá liggur fyrir að stefndi undirritaði sem sjálfskuldarábyrgðarmaður báðar skilmálabreytingarnar, sem gerðar voru á samningnum, þ.e. 1. nóvember 2006 og 27. nóvember 2007.

Samkvæmt greinargerð stefnda byggir hann sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því að sérreglur laga um viðskiptabréf eigi ekki við varðandi málsvörn stefnda þar sem

framlagður lánssamningur sé ekki skuldabréf. Í stefnu kemur fram að stefnandi byggji mál þetta á meginreglu kröfu- og samningaréttar um greiðsluskyldu fjárskuldbindinga. Er þar ekki vísað til ákvæða XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þar sem mælt er fyrir um takmarkanir á því hvaða varnir stefndi í máli um vixla, tékka og skuldabréf getur haft uppi. Er málatilbúnaður stefnanda því ekki til þess fallinn að hafa áhrif á málsvörn stefnda að þessu leyti.

Stefndi byggir einnig á því að það hafi verið grundvallarforsenda þess að hann samþykkti að verða sjálfskuldarábyrgðarmaður á lánssamningnum að athugun sérfræðinga stefnanda hefði leitt í ljós að áhætta af ábyrgðinni væri óveruleg og að sérfræðingar stefnanda hefðu virkt eftirlit með rekstri og afkomu lántaka á hverjum tíma eins og mælt sé fyrir um í samningnum, t.d. 9. gr. Þá hefði það einnig verið forsenda ábyrgðar stefnda að bæði stefnandi og lántaki virtu og færu eftir öllum ákvæðum samningsins, ekki síst g-, h- og i-liðum 9. gr. hans. Af hálfu stefnanda er þessum fullyrðingum stefnda mótmælt sem röngum enda hafi stefndi engan fyrirvara sett fyrir ábyrgð sinni.

Ákvæði 9. gr. lánssamningsins í heild lúta að sérstökum skyldum lántakanda gagnvart lánveitanda. Þar kemur fram að lántaki skuldbindi sig til þess að hlíta nánar tilgreindum skilmálum uns skuld samkvæmt samningnum er að fullu greidd. Ákvæðin fjalla um skyldur lántaka gagnvart lánveitanda en ekki verður litið svo á að þau feli í sér sérstaka skyldu lánveitanda til að gæta hagsmuna sjálfskuldarábyrgðaraðila að þessu leyti. Þá hafa engin gögn verið lögð fram um að stefndi hafi sett fyrirvara fyrir sjálfskuldarábyrgð sinni, hvorki við undirritun hans í upphafi né við undirritanir hans í tvígang undir viðauka við samninginn. Er heldur ekkert komið fram um það að stefndi hafi óskað sérstaklega eftir upplýsingum um stöðu lánsins eða önnur atriði varðandi efndir hans. Gegn mótmælum stefnanda verður því að telja ósannað að það hafi verið grundvallarforsenda stefnda fyrir sjálfskuldarábyrgð sinni að sérfræðingar hefðu talið áhættu af ábyrgðinni óverulega, að sérfræðingar stefnanda hefðu virkt eftirlit með rekstri og afkomu lántakanda og að lánveitandi og lántaki færu í öllu eftir ákvæðum 9. gr. samningsins. Þá er það mat dómsins með sömu rökum, að stefnanda hafi verið heimilt að veita lántaka samkvæmt lánssamningnum frekari lánaþingreiðslu gegn veði í flugvélum félagsins eftir gerð umrædds lánasamnings, enda þótt ekki hafi verið hlutast til um samsvarandi tryggingu vegna hans. Í ljósi framanritaðs eru ekki efni til að fallast á með stefnda að stefnandi hafi vanefnt ákvæði lánssamningsins gagnvart stefnda.

Í 10. gr. samningsins, sem ber yfirskriftina tryggingar, segir að til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu allra lánshluta samningsins, takist tilgreindir aðilar á hendur sjálfskuldarábyrgð pro rata fyrir nánar tilgreindri upphæð á fullum efndum samkvæmt samningnum. Eru ábyrgðaraðilarnir síðan taldir upp og við nöfn þeirra tilgreindar ákveðnar fjárhæðir í breskum pundum. Þá segir að sjálfskuldarábyrgðin taki til greiðslu höfuðstóls allra lánshluta auk vaxta, dráttarvaxta og vaxtavaxta, svo og alls kostnaðar sem af vanskilum kunni að leiða. Loks segir í lok 10. gr. að ábyrgðin gildi jafnt þótt greiðslufrestur verði veittur á skuldbindingum samkvæmt samningnum einu sinni eða oftár uns skuldin sé að fullu greidd. Við nafn stefnda er ritað GBP 56.147 en stefnandi hefur í máli þessu krafið stefnda um greiðslu þeirrar fjárhæðar ásamt vöxtum, vaxtavöxtum og kostnaði. Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að víkja beri þessum ákvæðum lánssamningsins um ábyrgð hans á efndum samningsins til hliðar sem ósanngjörnum með vísan til ákvæða 36. gr.

samningalaga nr. 7/1936. Því til stuðnings hefur stefndi í greinargerð látið nægja að vísa til málsatvika og ákvæða lánsamningsins án þess að benda á ákveðin atriði til stuðnings því að ógilda beri ábyrgðarákvæði samningsins gagnvart honum.

Ekki verður talið að það eitt, að um er að ræða banka annars vegar og einstakling hins vegar, leiði undantekningarlaust til þess að litið verði svo á að ójafnræði hafi verið með aðilum, þ.e. að bankinn hafi með einhverjum hætti neytt yfirburðastöðu gagnvart viðsemjanda sínum. Þegar litið er til framangreinds um efni ábyrgðarákvæðis 10. gr. lánsamningsins verður ekki fallist á það með stefnda að efni þess sé svo ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að víkja beri því til hliðar í heild eða að hluta með hliðsjón af 36. gr. samningalaganna. Er ekki unnt að fallast á sýknukröfu stefnda af þessum sökum.

Stefndi byggir jafnframt á þeirri málsástæðu, að ábyrgð hans teljist fallin niður þar sem hann kunní að verða fyrir fjárhagslegu tjóni vegna þess að kröfu stefnanda í þrotabú ECSA ehf. hafi verið hafnað auk þess sem hún sé þannig úr garði gerð að óvíst sé hvort úr verði bætt undir meðferð þrotabúsins. Ef ekki verði úr henni bætt séu það mistök sem leiði til þess að ábyrgð stefnda falli niður, hvort sem eitthvað kynni að hafa komið upp í kröfu stefnanda eða ekki.

Samkvæmt framlagðri kröfuskrá í þrotabú ECSA ehf. var kröfu stefnanda í búið hafnað að svo stöddu þar sem endanleg kröfufjárhæð lá ekki fyrir enda hefði kröfuhafi gert fyrirvara um það. Stefndi hefur hvorki skýrt ætluð mistök stefnanda við kröfulýsingu né hvert ætlað tjón stefnda er, ef til tiltekinnar afgreiðslu á kröfu stefnanda í þrotabú ECSA ehf. kemur. Er það mat dómsins að ekki verði á þessari málsástæðu byggt.

Með sömu rökum er það niðurstaða dómsins að ekki verði byggt á þeirri málsástæðu stefnda fyrir sýknukröfu sinni, að stefnandi hafi með þeirri saknæmu háttsemi að framkvæma ekki samningsbundnar ráðstafanir gagnvart skuld samkvæmt lánsamningnum við síðari lánveitingar stefnanda til ECSA ehf. og gæta þannig ekki umsáminnar tryggingaverndar þessarar skuldar svo sem samið sé um í 9. gr. samningsins. Skiptir hér einnig máli það sem áður er komið fram um að efni 9. gr. lánsamningsins lýtur að skyldum lántaka við lánveitanda og verður ekki litið svo á að þau ákvæði feli í sér sérstaka skyldu lánveitanda til að gæta hagsmuna sjálfskuldarábyrgðaraðila að þessu leyti. Verður sýkna því ekki byggð á þessari málsástæðu

Kröfu sína um lækun á kröfu stefnanda byggir stefndi á því að stefnandi hafi lækkað kröfu sína gagnvart aðalskuldara og breytt henni í íslenskar krónur í kröfulýsingu sinni í þrotabú ECSA ehf. og eigi ábyrgðarmaður að njóta þess. Hér verður að líta til þess, að þegar um er að ræða ábyrgð skuldara að hluta (pro rata), ábyrgist hver ábyrgðarmaður tiltekinn hluta af heildarskuldinni þannig að samtala verðmætis hlutanna er jöfn heildarskuldinni. Þegar svo háttar til verður hver skuldari aðeins krafinn um hans hluta af skuldinni. Það hefur því ekki áhrif á efnaskyldur hvers einstaks skuldara hvort kröfuhafa lánast að fá efnidir hjá hinum skuldarinum eða skuldurinum. Það er meginregla að ábyrgðarmaður er skuldbundinn samkvæmt loforði sínu samkvæmt þeim skilmálum sem hann hefur gengist undir. Í greinargerð sinni hefur stefndi ekki byggt á því að lán samkvæmt samningnum sé uppgreitt en gögn málsins bera með sér að greitt hefur verið inn á heildarskuldina en eftirstöðvar hennar nema hærri fjárhæð en sem nemur ábyrgð

stefnda. Þá byggir stefndi heldur ekki á því að hann hafi sjálfur greitt ábyrgð sína. Að öllu þessu virtu verður því að hafna kröfu stefnda um lækkun á dómkröfu stefnanda. Að öllu framanrituðu virtu er krafa stefnanda um að stefndi greiði honum GBP 56.147 tekin til greina.

Í framlögðum lánessamningi eru ákvæði í 7. gr. um vanskilavexti. Þar segir að standi lántaki ekki skil á greiðslu vaxta eða afborgunar á gjalddaga, beri honum að greiða dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð frá gjalddaga til greiðsludags og fari um dráttarvexti samkvæmt ákvæðum vaxtalaga nr. 38/2001. Síðan segir að bankinn hafi um það val hvort krafist sé dráttarvaxta af fjárhæðinni í erlendri mynd eða af skuldinni breyttri í íslenskar krónur. Samkvæmt endanlegri kröfugerð stefnanda krefst hann þess hins vegar að með dómi verði stefnda gert að greiða stefnufjárhæðina með „samningsvöxtum skv. vaxtaákvæðum lánessamnings, sem eru breytilegir vexti jafnháir LIBOR-vöxtum í samræmi við lengd vaxtatímabils hverju sinni, auk 2,25% vaxtaálags“ frá 10. febrúar 2009. Eru ekki færð frekari rök fyrir kröfu þessari í stefnu og hefur málatilbúnaður aðila að engu leyti snúist um hana. Að því virtu er málið svo vanreifað að þessu leyti af hendi stefnanda að vísa verður vaxtakröfu hans sjálfkrafa frá dómi.

Í samræmi við meginreglu 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn 334.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Arnfríður Einarsdóttir kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Vaxtakröfu stefnanda er vísað frá dómi.

Stefndi, Gunnar Þórarinsson, greiði stefnanda, NBI hf., GBP 56.147.

Stefndi greiði stefnanda 334.000 krónur í málskostnað að meðtöldum virðisaukaskatti.

Arnfríður Einarsdóttir

Rétt endurrit staðfestir.

Héraðsdómur Reykjaness 3.3.2008.

